



STARFSHÓPURINN „AUSTFIRZK EINING“. Fundur nr. 6

Fundargerð:

Fundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ þriðjudaginn 14. júní 2011 kl. 09:30 í Geysi (hreppsskrifstofunni) á Djúpavogi.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Jón Þórðarson, Stefán Bogi Sveinsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Valdimar O. Hermannsson (varam. Jens Garðars Helgasonar), Bárður Jónasson Margrét Guðjónsdóttir (varam. Vilhjálm Jónssonar). Einnig sat fundinn Þorleifur Gunnlaugsson (sjá lið 2 a) og Ólafur Áki Ragnarsson (sjá m.a. lið 2 b). Björn Hafþór Guðmundsson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Verkaskipting í kjölfar brotthvarfs Ólafs Hr. Sigurðssonar úr AE.

- Formaður var samhljóða kjörinn **Jón Þórðarson**.
- Varaformaður var samhljóða kjörinn Páll Baldursson.

2. Efling sveitarstjórnarstigsins:

- Starf nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Þennan hluta fundarins sat **Þorleifur Gunnlaugsson**, formaður nefndar á vegum innanríkisráðherra sem fjalla á um sameiningarkosti sveitarfélaga. Í upphafi máls síns hrósaði hann skýrslunni „Austfirzk eining“ (sjá dagskrárlið 2 b), sem hann taldi bæði góða og upplýsingar í henni aðgengilegar.

Flutti hann að því búnu fróðlega samantekt um verkefni nefndarinnar og hlutverk, sem er skilgreint þannig að henni er ætlað að aðstoða sveitarfélög við að efla sveitarstjórnarstigið á ákveðnum svæðum. M.a. kom fram hjá ÞG að nefndin hefur kynnt sér og fjallað um verkefnið Ísland 20 / 20, sóknaráætlanir landshluta, nýlega skýrslu um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skoðað í því sambandi áhrif hugmynda um breyttar jöfnunaraðgerðir sbr. tilögur sérstakrar nefndar þar um. Hann nefndi einnig ársskýrslu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, lagafrumvörp í vinnslu (umferðarlög, sveitarstjórnarlög). Skoðaðar hefðu verið hugmyndir um verkefnatilflutning (málefni aldraðra og almenningssamgöngur). Einnig hefði nefndin tekið til sérstakrar skoðunar skýrsluna „Samhent stjórnsýsla“, en í henni kæmi fram hve „þykkir“ veggir væru milli einstakra ráðuneyta, þegar kæmi að því að vinna úr hugmyndum stjórnvalda þar sem verksvið sköruðust. ÞG nefndi svonefnda „Flosaskýrslu“ (skýrslu nefndar sem kennd er við formann hennar, Flosa Eiríksson) og sagði sína nefnd vera n.k. arftaka hennar. Hann gat um hugmyndir um tilraunasveitarfélagið Akureyri og kvað þörf á betri og nýrri úttektum á reynslunni af sameiningum, þar sem þær hefðu átt sér stað.

Að lokum upplýsti ÞG að í þróun væri sérstakur „gátlisti“ um verkefnið og yrði hann sendur öllum sveitarstjórnnum innan tíðar og væntanlega í framhaldi af viðbrögðum sveitarstjórna unnar tillögur til Samb. ísl. sveitarfélaga og ráðherra. Næsti kafli í starfi nefndarinnar væri að huga að nýjum leiðum í lýðræðismálum og hvernig virkja mætti íbúalýðræði, en í burðarliðnum væri ráðstefna á hausti komanda í því sambandi og áformað væri að kalla til sérfróða vini okkar og frændur af Norðurlöndum og frá Kanada til að miðla reynslu í þeim efnum.

Til að taka af öll tvímæli undirstrikaði ÞG í lok máls síns að lögbvingaðar sameiningar væru ekki á dagskrá nefndar þeirrar, er hann væri í formennsku fyrir.

Umræður og fyrirspurnir urðu eftir framsögunni. Til máls tóku nánast allir viðstaddir og komu m.a. fram upplýsingar um verkefnið Austfirzk eining og forvera þess;



Austurland eitt sveitarfélag. Fram komu efasemdir um frekari samninga við ríkið um verkefnatilflutning í ljósi sífelldrar viðleitni að brjóta eða hártoga gerða samninga. Lögð var áherzla á einangrun ákveðinna byggðarlaga, þörf á bættum samgöngum og fjármagn til að vinna að þeim verkefnum, sem ríkisvaldið væri nú með tilburði að beina til sveitarstjórnarstigsins.

Þorleifi var síðan þökkúð koman inn á fundinn og jafnframt þakkaði hann fyrir málefnalegan og góðan fund

b) **Skýrsla ÞFA (. (Eintak af lokaskýrslu fylgdi með fundarboði).**

Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnisstjóri hjá ÞFA kynnti stuttlega skýrslu sem hann vann að beiðni AE og stjórnar SSA, Hún var m.a. kynnt á fundi stjórnar SSA 1. júní s.l., en hann sátu m.a. flestir nefndarmenn í AE.

Hann afhenti síðan Valdimar O. Hermannssyni, form. stjórnar SSA eintak af skýrslunni. Sömuleiðis fékk nýkjörinn formaður AE afhent eitt eintak.

Færðu viðstaddir Ólafi Áka þakkir fyrir skýrsluna og þá vinnu, sem liggur að baki hennar.

c) **Næstu skref fram að aðalfundi SSA í kjölfar kynningar á skýrslunni.**

Bárður Jónasson kom á framfæri athugasemdum / ábendingum vinnuhóps á vegum sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps vegna skýrslunnar. Þær verða teknar til skoðunar í vinnuferli fram að aðalfundi SSA á hausti komanda.

Fyrir liggja áform um að kynna skýrsluna fyrir öllum sveitarstjórnnum á starfssvæði SSA tímanlega fyrir næsta aðalfund, samhliða kynningu á niðurstöðum vinnuhópsins um Austfirzkar stoðstofnanir (AST) og eftir atvikum fleiri verkefnum (t.d. almenningssamgöngum). Í framhaldi af því reiknar AE með að hún verði gerð að virku plaggi og unnið með áherzluatriði úr henni í lengd og bráð. Nokkur þeirra eru á dagskrá síðar á fundinum (liðir 3 – 5), eða tengjast þeim.

3. **Almenningssamgöngur.**

Starfshópur um málið (Jakob Sigurðsson, Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Þorsteinn Steinsson og Björn Hafþór Guðmundsson) kom saman til fundar föstud. 10. júní. Fundargerð er nánast frágengin og verður send sveitarstjórnnum og nefndarmönnum í AE, þegar hún liggur fyrir. BHG gerði að öðru leyti stuttlega grein fyrir stöðu mála varðandi verkefnið.

4. **Fjárfestinga(r)áætlun v/ fjárlaga 2012.**

Landshlutasamtökum sveitarfélaga barst svohlj. orðs. frá forsætisrn. 3. júní 2011; „September 2011. Landshlutarnir skila inn áherslum sínum varðandi forgangsörð verkefna fjárlaga 2012... // .. Fjárfestingaráætlun verður ætlað að veita heildaryfirsýn yfir fjárfestingar ríkisins á komandi árum. Skilgreina þarf nánar hvað teljast fjárfestingar en í aðalatriðum er um að ræða fjármagn í framkvæmdir og stofnkostnaðarverkefni, ýmist til lengri eða skemmri tíma“.

Nokkur umfjöllun varð um málið. M.a. kom fram að gera þyrfti nýtt svæðisskipulag fyrir starfssvæði SSA, byggt á fyrirliggjandi aðalskipulögum sveitarfélaganna, eða samræmingu þeirra. M.a. yrði að taka mið af áherzlum á sviði samgöngumála, uppbyggingu atvinnusvæða og fjölmargra annarra þátta er varðað geta fjárfestinga-áætlanir til lengri tíma litið.

Ákveðið að verkefnið verði eitt af aðalmálum á næsta fundi AE (sjá 6. lið).

5. **Samvinnuverkefni (Rifjuð upp staða mála).**

5.1. **Sorpurðun.**

Stefán Bogi gerði grein fyrir málinu frá sjónarhóli bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Einnig lýstu **Páll, Bárður og Valdimar** stöðu mála í sínum sveitarfélögum.



5.2. Tenging skólastiga.

Umfjöllun um þetta mál hefur áður verið til umfjöllunar á vettvangi AE. M.a. hafði verið ákveðið að séð yrði til þess að um það yrði fjallað á vettvangi Skólaskrifstofuhóps (stjórn Skólaskrifstofu Austurlands / SKA).

5.3. Skólamál; (í víðum skilningi og m.a. í ljósi þess að um er að ræða fjárfrekasta málaflokk í rekstri sérhvers sveitarfélags.).

Ákveðið var að óska eftir því við Sigurbjörn Marinósson, forstöðumann SKA að hann mæti á næsta fund AE og þar verði málefni undir dagskrárliðum 5.2 og 5.3 til sérstakrar umfjöllunar.

5.4. Skipulagsmál.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá **Ólafi Hr. Sigurðssyni**, fyrrv. form. AE. Við umfjöllun um málið kynnti **SBS** eldri hugmynd um að kannaður yrði vilji sveitarfélaga til að koma á samstarfi á 2 svæðum, þ.e. hinum sömu og núverandi samstarf í félagsmálum nær yfir.

Ákv. var að fela BHG að senda það til allra sveitarfélaga á starfssvæði SSA með tilkynningu um að litið verði svo á að til þess að verkefnið verði tekið til frekari skoðunar á vettvangi AE, verði frumkvæði þar um og hugmyndir um framhaldið að koma frá sveitarfélögunum.

6. Önnur mál:

- a) Ákveðið að næsti fundur AE verði haldinn á Vopnafirði þriðjud. 28. júní kl. 09:00. Form. og varaform. falið að ganga frá dagskrá í samráði við BHG.

Fleira ekki fyrir tekið,. Fundi slitið kl. 12:15.

Að loknum fundi AE bauð Djúpavogshreppur upp á hádegisverð á Hótel Framtíð.

Því næst settust allir nefndarmenn í AE inn á aðalfund Menningarráðs Austurlands, sem haldinn var á Hótel Framtíð og hófst kl. 13:00. Honum lauk skömmu fyrir kl. 15:00.

Þá fóru allir viðstaddir í stutta kynnisferð um Djúpavog. Eftirtaldir staðir voru heimsóttir: Steinasafn Auðuns Baldurssonar og hið fjölbreytta safn Vilmundar Þorgrímssonar í Hvarfi.

Að því búnu hélt hver til síns heima.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.